

Nýtt málumhverfi, ný námskrá, nýjar áherslur í tungumálakennslu

1. Ný námskrá og nýtt málumhverfi á Íslandi

Þegar þetta er skrifað eru nýjar íslenskar námskrár í erlendum tungumálum enn í þróun en þar er vikið í veigamiklum atriðum frá eldri námskrám. Þar sem áður var kveðið á um markmið í ensku, dönsku og þriðja máli hverju fyrir sig eftir ákveðinn ára-/áfangafjölda í námi eru í nýju námskránum sett fram þrjú færni-markmið án tillits til tungumáls, aldurs nemenda, námstíma eða þess málumhverfis sem nemendur búa í. Á undanförunum árum hafa rannsóknir á stöðu ensku, dönsku og þriðja máls aukist til muna og niðurstöður gefa allgóða mynd af ástandinu á sviði erlendra tungumála á Íslandi. Það er því forvitnilegt að skoða nýja námskrá í ljósi nýs málumhverfis og yfirlýstrar stefnu yfirvalda.

Ísland er eitt af aðildarríkjum Evrópuráðsins (e. *Council of Europe*) en ráðið hefur sett sér skýra tungumálastefnu þar sem lögð er áhersla á fjöltyngi, þ.e. mikilvægi þess að sérhver einstaklingur hafi vald á tveimur tungumálum auk móðurmáls. Meginrökin eru að tungumálakunnátta sé forsenda þess að auka skilning, samskipti og samvinnu milli þjóða. Það er einnig stefna Evrópusambandsins að auka tungumálakunnáttu Evrópuþjóða í sama skyni. Markmið sambandsins með því er að efla alþjóðasamvinnu, greiða fyrir skilvirkum samskiptum og auðga menningarvitund en einnig að efla lýðræðislega borgaravitund (e. *democratic citizenship*) (European Commission 2005). Fjöldi aðgerðaráætlana hefur verið settur fram til að efla tungumálakunnáttu innan Evrópu og má þar nefna *New Framework Strategy for Multilingualism* (European Commission 2005), *Multilingualism: an Asset for Europe and a Shared Commitment*

(European Commission 2008). Evrópusambandið hefur gert fjölytngi og mikilvægi þess að varðveita fjölbreytileikann í tungumálanotkun álfunnar eitt af meginþemum stefnunnar (Krzyzanowski og Wodak 2010). Þótt Íslendingar hafi undirritað alla samninga sem tengjast þessum stefnuyfirlýsingum hefur stöðugt verið dregið úr tungumálakennslu á Íslandi (Anna Eyfjörð Eiríksdóttir 2006).

Í þessari grein verður fyrst lýst helstu hugmyndum í nýjum námskrám í erlendum tungumálum fyrir grunn- og framhaldsskóla. Þá verða settar fram tillögur að breyttum áherslum í ensku- og dönskukennslu með tilliti til íslensks málumhverfis og kynntar leiðir til að auka fjölbreytni í vali og efla færni áhugasamra nemenda í þriðja og fjórða máli með aðstoð tæknilausna sem þróaðar hafa verið í Háskóla Íslands. Að lokum verður fjallað í stuttu máli um menntun tungumálakennara.

2. Ný námskrá í erlendum tungumálum

Þegar þessi orð eru skrifuð er þróun nýrrar námskrár í erlendum tungumálum á lokasprettinum. Námskrá framhaldsskóla hefur verið gefin út en námskrá grunnskóla er á lokastigi. Báðar byggjast þær þó á sömu hugmyndafræði. Í námskrá grunnskóla, sem er aðeins 15 síður, eru sett fram almenn færnimarkmið í sjö færniþáttum tungumáls, óháð tungumáli, aldri eða menntunarstigi mál nema sem hefja námið á mismunandi aldri eftir því hvaða tungumál á í hlut. Námskránni er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir þróun námskráa hvers skóla fyrir sig. Í upphafskafla er áhersla lögð á þjóðhagslegan ávinning þess að íslensk ungmenni hafi erlend tungumál á valdi sínu m.a. vegna fólksflutninga, menntunarkrafna og „til að starfa í samkeppnisumhverfi nútímasamfélags“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2012 – Erlend tungumál: 2). Markmið eru mismunandi eftir tungumálum. Enska er „lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám eða annað framhaldsnám er komið“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2012 – Erlend tungumál: 2). Markmið með dönskunámi eru þau helst að „viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandaþjóðirnar“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2012 – Erlend tungumál: 3)

og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Ekki er fjallað sérstaklega um hvers vegna nemendur ættu að tileinka sér fleiri tungumál. Í námskrá eru ekki sett fram hefðbundin fjórskipt færni markmið heldur þrjú færnistig í hlustun, lesskilningi, samskiptum, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni þvert á tungumál. Sömu markmið virðast eiga að gilda fyrir öll tungumál en hvorki er fjallað ítarlega um hvernig ná megi þessum markmiðum né heldur er gerður greinarmunur á gerólíkri stöðu ensku, dönsku og þriðja/fjórða máls á Íslandi sem óneitanlega hefur þó áhrif á markmið, kennslu og nám í hverju tungumáli fyrir sig.

Námskrá framhaldsskóla í erlendum tungumálum er einnig mjög almenns eðlis. Fjallað er um „ensku og önnur tungumál“ í viðauka 3. Þar eru einnig birt hæfniþrep á þremur stigum fyrir alla færniþætti þar sem notast er við viðmið evrópsku tungumálamöppunnar (<http://www.menntamalaraduneyti.is/>). Þar segir:

Viðmið tungumálamöppunnar sem einkenna þrep A1, A2 og að hluta til B1 má fella að lýsingu þekkingar, leikni og hæfni á fyrsta hæfniþrepi.

Viðmið tungumálamöppunnar sem einkenna þrep B1 og B2 má fella að lýsingu þekkingar, leikni og hæfni á öðru hæfniþrepi.

Viðmið tungumálamöppunnar sem einkenna þrep C1 má fella að lýsingu þekkingar, leikni og hæfni á þriðja hæfniþrepi.

(Aðalnámskrá framhaldsskóla: 99)

Ekkert er fjallað um hversu margar einingar, áfangar eða kennslutímar liggi að baki hverju hæfniþrepi og greinilegt að hverjum skóla er gert að ákveða hvaða hæfniþrepi þeirra nemendur hafi tækifæri til að ná.

Greinilegt er að í nýrri námskrá er enn þrengt að námi í erlendum tungumálum. Í samantekt á þróun einingafjöldna í tungumálum í námskrá frá 1986 til 2005 má sjá hvernig hlutur erlendra tungumála hefur rýrnað.

Tungumál	Félagsfræðibraut (Ný)málabraut	Náttúrufræðibraut	
Einingar alls 1986	30	56	27
Einingar alls 2005	24	39	18

(Tungumál eru lykill að heiminum: 59–61)

Það er ljóst að snúa þarf vörn í sókn. Tungumálin eiga í harðri samkeppni við fjölda annarra námsgreina og því þarf að finna leiðir til að auka þann tíma sem nemendur sem þess óska geta varið í frekara tungumálanám og einnig að gera það nám sem í boði er hnitmiðaðra og skilvirkara. Einnig þarf að stefna að því að efla þverfaglegt nám eins og reyndar er hvatt til í nýrri námskrá (Aðalnámskrá 2012) og dæmi eru um í Menntaskólanum á Akureyri þar sem fléttað er saman mörgum námsgreinum, þ.á.m. tungumálum, og er gott dæmi um að slík samvinna er möguleg ef áhugi og hæfni kennara og stuðningur skólafyrvalda er fyrir hendi (Árný Helga Reynisdóttir 2007).

Í næsta kafla verður fjallað um mismunandi stöðu ensku, dönsku og þriðja máls á Íslandi með tilliti til magns og eðlis ílags í samfélaginu og hvaða áhrif ólík staða málanna hefur á möguleika nemenda til að tileinka sér þau.

3. Mismunandi staða erlendra tungumála og áherslur í kennslu

3.1 Enska

Undanfarin þrjú ár hafa verið unnar umfangsmiklar rannsóknir á stöðu ensku á Íslandi. Niðurstöður rannsókna sýna m.a. að áreiti enskunnar er mikið á Íslandi og að Íslendingar heyra og lesa mun meiri ensku en þeir tala og skrifa, sem leitt hefur til einhæfrar móttökufærni aðallega í óformlegu ensku talmáli eða hversdagsmáli (Birna Arnbjörnsdóttir 2010; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir 2010). Þá hefur komið í ljós að Íslendingar ofmeta kunnáttu sína í ensku sem kemur m.a. fram í því að þriðjungur íslenskra stúdenta eiga í erfiðleikum með að tileinka sér efni námsbóka í háskólanámi, sem eru að langmestu leyti skrifaðar á ensku

(Hulda Kristín Jónsdóttir 2012; Birna Arnbjörnsdóttir 2010; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir 2010; Hafdís Ingvarsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir 2010). Rannsóknir Önnu Jeeves, sem byggjast á viðtölum við unga Íslendinga í námi og utan náms, benda til þess að áherslur í kennslu í framhaldsskólum virðist ekki undirbúa þá nægilega vel fyrir notkun ensku í námi og starfi heldur virðist kennslan styrkja þá kunnáttu sem nemendur höfðu fengið úr áreitum utan skólans og þá oftast í almennu talmáli, oftast skilningi þ.e. móttökufærni (e. *receptive skills*) fremur en notkun (e. *productive skills*) (Anna Jeeves 2010). Rannsóknir Ásrúnar Jóhannsdóttur (2010) sýna að börn sem hefja enskunám í 4. bekk hafa þegar náð markmiðum þess bekkjar við upphaf kennslu. Hafdís Ingvarsdóttir og Ásrún Jóhannsdóttir (2011) hafa bent á að við lok grunnskóla upplifa nemendur mikinn mun á þeim viðfangsefnum sem þeir eru að fást við í skólanum og þeirri ensku sem þeir nota dags daglega og telja sig hafa þörf fyrir í námi og starfi.

Af þessu er ljóst að margir íslenskir nemendur læra mikla ensku utan skóla en sú kunnátta er ekki nýtt til að dýpka og auka enskufærni nemendanna svo að hún megi nýtast til náms. Of mikil áhersla virðist vera lögð á að fylgja alþjóðlegum kennslubókum sem ekki eru samdar fyrir nemendur í íslensku málumhverfi og þeir fá því ekki æskilega þjálfun t.d. í ritun og lestri lengri rauntexa. Rannsóknir okkar sýna að kennsluaðferðir eru í mörgum tilfellum of kennarastýrðar og reyna ekki nægjanlega á nemendur (Hafdís Ingvarsdóttir 2011; Hafdís Ingvarsdóttir og Ásrún Jóhannsdóttir 2011).

Góður skilningur á almennu talmáli leiðir til ofmats á enskukunnáttu sem kemur ekki fram fyrr en á reynir í háskólanámi (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir 2010). Þessi staða er þekkt víðar á Norðurlöndum (Hellekjær 2005, 2007; Percorari et al. 2011). Of lítil þjálfun í formlegu ritmáli eykur vinnuálag í háskólanámi og líkur á að nemandinn gefist upp í náminu eða hann hætti að lesa námsbækurnar og reiði sig á fyrirlestra og glósur með tilheyrandi afleiðingum fyrir tileinkun námsefnisins (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir 2010).

Enska er alþjóðlegt samskiptamál og góð enskukunnátta er mönnum jafn nauðsynleg nú á dögum og lestrarkunnátta eða færni

í tölvunotkun. Sú staðreynd og staða ensku almennt kallar á endurskoðun á markmiðum í enskukennslu í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlöndum, þar á meðal á Íslandi. Það er t.d. spurning hversu mikla áherslu eigi að leggja á kennslu í engilsaxneskri menningu ef líkur eru á að enskan verði notuð í samskiptum við aðra sem ekki hafa ensku að móðurmáli eins og Crystal hefur haldið fram (2003). Það vekur líka spurningar um hversu miklum tíma á að verja í að láta nemendur horfa á kvikmyndir og hlusta á tónlist sem þeir gera hvort sem er utan skóla án þess að nýta þessa miðla sérstaklega til að dýpka og breikka málfræðina. Væntanlega er það vænlegra til árangurs að samræmi sé í kennslu og þörfum nemenda fyrir þjálfun í þeim málsniðum og færniþáttum sem þeir þurfa að nota til að afla sér menntunar og sinna störfum í alþjóðlegu samfélagi. Íslensk ungmenni virðast skilja og geta tjáð grunnatriði í ensku talmáli. Í skólakerfinu þarf að nýta þessa grunnþekkingu betur og leggja megináherslu á lestur lengri rauntexa og á ritun en umfram allt þarf að dýpka færni nemenda þannig að þeir tileinki sér fleiri en eitt málsnið á ensku og geti beitt viðeigandi málsniðum eins og við á.

3.2 Danska

Ef enska er mál alþjóðlegra samskipta eins og kemur fram í námskrá er danska það mál sem kenna á til að efla norræna samkennd. Danska tengist þannig þeirri sjálfsmynd Íslendinga sem felst í sameiginlegum menningararfi norrænna þjóða. Danska og íslenska eru náskyld mál og á yfirborðinu virðast þau nokkuð lík, a.m.k. á blaði, þó svo að danskt talmál hafi reynst mörgum Íslendingnum óþægur ljár í þúfu. Flestir af eldri kynslóð Íslendinga ólust upp við dönsk tímarit og bækur og eru því vel færir um að lesa á dönsku. Nú heyrir danska sjaldan á Íslandi og er ílag sem nemendur fá nær eingöngu í kennslustundum (Auður Hauksdóttir 2005: 160). Auður Hauksdóttir hefur rannsakað hvernig íslenskum námsmönnum í Danmörku hefur tekist að nýta sér skóládönskuna. Nemendur telja mesta áherslu í kennslunni á Íslandi hafa verið á lestur, skrift og málfræði en mun minni á talmál og skilning (bls. 164). Þegar nemendur voru spurdir hversu langan tíma það hafi tekið þá að skilja Dani var svarið að það hafi tekið 3–6 mánuði að skilja og læra að

tala dönsku (bls. 167). Auður túlkar þetta á þá leið að nemendur séu betri í dönsku en þeir halda og að sú kunnátta nýtist þeim vel í námi í dönskum skólum (bls. 169). Þetta bendir til þess að þeir séu læsir á danskt ritmál að lokinni skólagöngu á Íslandi en aðspurðir einblíni þeir á færni eða skort á færni í talmáli og því má halda því fram að þeir vanmeti dönskukunnáttu sína.

Dönskukennarar hafa löngum kvartað undan því að erfitt sé að fá nemendur til að þjálfra sig í að tala í tímum og í rannsókn Ósu Knútsdóttur (2007) á viðhorfi kennara til talkennslu kemur fram að kennarar vilja þjálfra tal en þeir tala um öryggisleysi nemenda gagnvart málinu af því að þeir fái svo lítið ílag og „þeim finnist óeðlilegt að tala dönsku“ (bls. 66). Einnig ræða kennarar um eigið öryggisleysi gagnvart þjálfun tals og skorti á góðu námsefni í því skyni.

Sömu vandamál komu fram hjá nemendum við að tala þýsku (Gross 2006). Ida Løn (2006) rannsakaði hvaða aðferðum íslenskir framhaldsskólanemendur beita til að lesa danska texta sér til skilnings. Niðurstöður hennar benda til þess að nemendur noti ýmsar leiðir en þær séu yfirleitt ómeðvitaðar og oft komi þeir ekki auga á skyldleika málanna. Løn ályktar að það myndi auk lesskilning nemenda enn frekar ef þeir fengju markvissa þjálfun í slíkum leiðum (d. *läse strategier*). Þessar niðurstöður má eflaust heimfæra yfir á öll tungumál (Oxford 1990).

Hugsanlega er hér staða sem er öfug við stöðu ensku, þ.e. enskukunnátta er ofmetin þar sem margir eiga gott með að skilja talmál en átta sig ekki á vankunnáttu í ritmáli en í dönsku leiðir skortur á skilningi talmáls og talmálsgetu til vanmats þar sem skortur á skilningi takmarkar daglega notkun. Það blasir við að gera þarf áherslubreytingar í kennslu, þ.e. jafna þarf áherslu á ritmál og talmál og leggja meiri áherslu en nú er gert á framburð og skilning í dönsku, auk þess sem styrkja þarf færni kennara í að þjálfra tal.

3.3 Þriðja og fjórða mál

Íslendingar þurfa og geta haft þrjú erlend tungumál á valdi sínu. Ljóst er að fyrstu tvö verða enska og danska af ástæðum sem getið er hér að framan. En með skilvirkri stefnu og kennsluháttum ætti

að vera unnt að kenna nemendum þriðja og jafnvel fjórða mál upp að færnistigi A2/B1 og slíka færni geta þeir nýtt til almennra samskipta. Ákveðinn hópur innan hvers árgangs á landsvísu þarf sem fyrr að geta aflað sér nægilegrar færni til að halda áfram námi á háskólastigi í viðkomandi tungumáli/tungumálum. Til þess þarf að ná hæfniprepi B1/B2 (hæfniprepi 2 í námskrá). Þetta á sérstaklega við um þá sem velja málabraut og/eða alþjóðlegar brautir. En þrátt fyrir yfirlýsta stefnu og hástemmd faguryrði á tyllidögum um mikilvægi erlendra tungumála minnkar hlutur þeirra stöðugt í námskrám – ekkert þó eins mikið og hlutur þriðja og fjórða máls. Anna Eyfjörð Eiríksdóttir (2011) gerði úttekt á stöðu erlendra tungumála í íslenskum framhaldsskólum. Hún vísar í skýrslu frá 2006 (*Tungumál eru lykill að heiminum*) og bendir á að í námskrá 1986 hafi nemendur á málabraut tekið 18 einingar í þriðja máli en nemendur á öðrum brautum 12 einingar. Árið 2005 var einingafjöldi í þriðja máli á málabraut komin niður í 12 einingar en nemendur á félagsfræðibraut tóku 9 einingar en á náttúrufræðibraut einungis 6 einingar. Aðeins nemendur á málabraut taka fjórða mál en einingafjöldi þar fór úr 12 í 9 einingar á sama tíma (bls. 59–61).

Halda þarf vel á spöðunum til að nemendur, jafnvel á málabrautum, nái þeirri færni sem krafist er til inngöngu í nám í þriðja og fjórða máli í erlendum tungumálum á háskólastigi (B2). Þessi skerti hlutur erlendra tungumála í menntun ungra Íslendinga gengur þvert á erlenda sáttmála sem Ísland er aðili að, yfirlýsta stefnu og almenna þróun í síminnkandi heimi. Hér virðist, þvert á móti, sem skólayfirvöld rýri möguleika íslenskra ungmenna til þátttöku á alþjóðlegum vettvangi og til að taka þátt í þeim lausnum á alþjóðlegum vandamálum sem munu steðja að Íslendingum jafnt sem öðrum þjóðum í framtíðinni. Weenink (2008) kallar möguleikana til þátttöku í alþjóðasamfélaginu *heimsborgaralegan auð* (e. *Cosmopolitan Capital*), þ.e. tungumála- og menningarhæfni til alþjóðlegrar samvinnu.

Mikilvægt er einnig að huga að því að ekki þurfa allir nemendur að tileinka sér þau 3–4 tungumál sem jafnan eru í boði í skóla-kerfinu. Hér ber að nefna þau börn sem til landsins koma með færni í erlendum tungumálum, jafnvel móðurmálsfærni, en eiga litla möguleika á að viðhalda þeirri færni á Íslandi. Hér er átt við börn

innflytjenda en ekki síður börn sem flytjast til Íslands með íslenskum foreldrum. Hér er mikill auður sem ekki má glutra niður. Tungumálatorgið www.tungumalatorg.is er verkefni með rætur í opinberri stefnumótun og skólastarfi en byggist á starfi fjölmargra frumkvöðla. Það er hugsað sem hugmyndabanki fyrir kennara og skóla þar sem finna má upplýsingar, fá ráðgjöf og nálgast námsefnis- og samskiptavefi. Tungumálatorgið mætti nýta enn frekar til eflingar kennslu í erlendum tungumálum.

Ljóst er að ný námskrá krefst nýrrar hugsunar bæði í skipulagi og kennsluháttum. Í næsta kafla verður lýst úrræðum sem vonandi geta eflt kennslu erlendra tungumála almennt.

3.4 Kennsla tungumálanámskeiða gegnum tölvur: *Icelandic Online* sem fyrirmynd

Mjög hefur færst í aukana að tungumál séu kennd á netinu og hefur þróun bæði tækni- og kennsluaðferða verið hröð. Vefnámskeiðið *Icelandic Online*, www.icelandiconline.is, er sjálfstýrt vefnámskeið í íslensku sem öðru máli. Námskeiðið, sem er samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, er þróað og rekið af Háskóla Íslands með um 100.000 þátttakendum um allan heim og hafa viðtökur verið afar jákvæðar. *Icelandic Online* er samfellt námskeið ætlað fullorðnum með fimm færnistigum (brátt verða þau sjö) sem byggist á yfir 2500 myndrænum og gagnvirkum námsviðföngum, allt frá myndböndum til málfræðiæfinga. Færnistigin ná upp á C1 í Evrópsku tungumálamöppunni. Tæknilega er hægt að endurnýta og endurraða námsviðföngunum á mismunandi vegu eftir námskeiðsmarkmiðum hverju sinni og skiptir þá ekki máli hvaða tungumál á í hlut. Við þróun námskeiðsins hefur þess ávallt verið gætt að markmið séu byggð á fræðilegum grunni með þarfir nemenda að leiðarljósi (Birna Arnbjörnsdóttir 2004). Auðveldlega mætti nýta þessa tækni og önnur tæki og tól til tungumálakennslu sem til staðar eru í opnum aðgangi á netinu og þá reynslu sem fengist hefur við þróun *Icelandic Online* til að þróa námskeið í öðrum tungumálum, hvort sem er fyrir börn eða fullorðna.

Vel mætti ímynda sér að ef kenndir væru áfangar upp að færni-

stigi A2 í heimaskóla mætti þróa vefnámskeið að færnistigi B2 í þriðja og fjórða máli sem væri sambland af fjarnámi og staðarlotum í samvinnu Háskóla Íslands, framhaldsskólanna og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þetta væri unnt að gera án mikils tilkostnaðar því tæknin og reynslan eru fyrir hendi nú þegar. Þessa tækni mætti líka nýta til að hjálpa ungu fólki að viðhalda og styrkja kunnáttu í öðrum tungumálum sem ekki eru kennd í skólum.

Til þess að auka möguleika málnema á að nota markmálið mætti setja upp málbúðir þar sem nemendur koma saman til að þjálfra málfærni í ýmsum tungumálum og nýta nemendaskipti á mun markvissari hátt en nú er gert. Miklu fé er nú þegar varið til nemenda- og kennaraskipta innan Norðurlanda og Evrópu. Áætlanir eins og Comenius, Erasmus og Leonardo styrkja einstaklinga og hópa nemenda og kennara til gagnkvæmra heimsóknna og þróunarverkefna. Nordplus og fleiri norrænir sjóðir hafa veitt verkefnum á sviði tungumála öflugan stuðning. Þessa sjóði mætti nýta á markvissari hátt í tengslum við námskrá til að efla tungumálafærni nemenda í gegnum málbúðir, kennaraskipti og með öðrum leiðum.

4. Kennaramenntun

Ný námskrá felur í sér ýmsar nýjungar og nýja hugsun. Sú sem ef til vill er þýðingarmest fyrir kennslu og nám í tungumálum er að nú er skilgreint út frá hæfniþrepum, en ekki einblínt á áfanga; ekki hvað eigi að fara yfir eða kenna í einum áfanga heldur hvaða færni nemendur eiga að geta náð að áfanganum loknum. Hér er tekið mið af Evrópurammanum (e. *Common European Framework of Reference for Languages*) þar sem færni nemenda er skilgreind út frá ákveðnum viðmiðum, hæfniþrepum eins og áður segir. Með nýrri námskrá gefst mikilvægt tæki fyrir kennara og nemendur þeirra til að skilgreina hversu mikla kunnáttu þeir telja nauðsynlega allt eftir tungumáli og skilgreindum þörfum um notkun málsins. Skilgreining Hugvísindasviðs á lágmarkskunnáttu í erlendum málum gefur væntanlegum nemendum skýr skilaboð um hvaða færni þeir þurfi að hafa til að hefja háskólanám í tungumáli. Nemandinn hefur þá góðan tíma til að stefna að skýru markmiði. Mikilvægt er líka að hafa það hugfast að nemendur þurfa ekki allir að tileinka sér öll þau

mál sem í boði eru en að það komi skýrt fram í opinberri menntastefnu að hver einstaklingur kunni a.m.k. þrjú mál sér til gagns auk móðurmáls. Með „sér til gagns“ er átt við að málneminn sem slíkur setji sér markmið miðað við hvers konar færni hann vill leggja áherslu á og hversu langt hann vill ná.

Nemi sem hyggur á nám við íslenskan háskóla burtséð frá námsgrein þarf í flestum tilfellum að hafa náð að lágmarki færnistigi C1 í lestri í ensku en getur ef til vill látið sér nægja færnistig B1 í samtalsfærni (ætli hann ekki í nám í ensku).

Í nýlegri rannsókn Önnu Jeeves á viðhorfum framhaldsskólanema til enskunáms (2010) kemur fram að viðmælendur hennar setja markið ekki svo hátt og virðast sáttrir við almenna færni í ensku upp á B1. Nemi, sem langar bara að geta bjargað sér í þýskumælandi landi, vill ef til vill fyrst og fremst að áherslan sé á tal og hlustun. Í rannsókn á viðhorfum nema til þýsku kom fram að þeir vildu fyrst og fremst læra að skilja og tala þýsku af því að þeir sáu fyrir sér að það myndi nýtast þeim best (Gross 2006). Það reynir því mjög á hæfni og leikni kennarans í tungumálinu og ekki síst kennslufræði þess að vinna með nemendum út frá skilgreindum markmiðum.

Færnihugtakið krefst nýrrar hugsunar bæði í skipulagi og kennsluháttum sem taka þarf tillit til jafnt í menntun verðandi tungumálakennara og endurmenntun starfandi tungumálakennara. Það er vel þekkt úr rannsóknum að við innleiðingu nýrrar námskrár er mikilvægt að kennurum sé boðið upp á vettvangstengda símenntun, þ.e. að þeir vinni saman að innleiðingu breytinga. Þeir þurfa að hafa tækifæri til að ræða þessa nýju hugsun og hvernig hana megi útfæra miðað við tiltekna aðstæður. Þeir þurfa að fá það á tilfinninguna að þeir hafi eitthvað um útfærsluna að segja. Það þarf að mynda *námssamfélög* (e. *learning communities*) innan skólanna og tengja saman kennara við smærri skóla. Fjöldi rannsókna hefur sýnt mikilvægi þessara námssamfélaga og hvernig nám fer fram í samvinnu fólks sem þegar er hluti ákveðinnar menningar eða samfélags (sjá t.d. Lave og Wenger 1998; Stoll, McMahon og Thomas 2006; Hafdís Ingvarsdóttir 2006). Ef starfandi kennarar fá ekki langtímaleiðsögn og -stuðning ásamt tækifærum til að ræða breytingar gerist ekkert og þær verða aðeins á yfirborðinu (Day 2011; Darling-Hammond og McLaughlin 1996). Stuðningur

kemur ekki síst frá jafningjum í námssamfélaginu (Stoll og Thomas 2006).

Í grunnmenntun kennara þarf að hafa það hugfast að verðandi kennarar hafa ekki sjálfir reynt þetta skipulag eða þá breyttu sýn sem ný námskrá boðar og hafa því engar fyrirmyndir. Í rannsókn Hafðísar Ingvarsdóttur (2009) á viðhorfum nýliða í tungumálakennslu kemur fram að þótt ungir kennarar hafi kynnst ákveðnum vinnubrögðum í kennaranámi hafa þeir ekki einurð eða kjark til að reyna þau í kennslu ef þeir þekkja þau ekki úr eigin námi og fá ekki til þess stuðning frá samkennurum. Þarna gegnir námssamfélagið mikilvægu hlutverki. Í kennaramenntun þarf einnig að hafa í huga að það er ekki æskilegt að reyna að steypa alla tungumálakennara í sama mót. Þeirra bíða ólík viðfangsefni, ólík skólastig og ólíkir nemendur með mismunandi markmið.

Í kennaramenntun hefur löngum verið byggt á tveimur ólíkum líkönum: samþættingarlíkani og raðlíkani. Í samþættingarlíkani eru tungumálið og kennsla þess fléttuð saman allan námstímann. Kostir þess líkans eru m.a. að námið í heild er skipulagt sem kennaramenntun og neminn dýpkar þekkingu sína og færni í tungumálinu um leið og hann lærir að miðla því. Enn fremur er gert ráð fyrir að inntak tungumálanámsins miðist við þá þætti sem nýtast verðandi kennurum best svo sem kennslumálfræði (e. *pedagogic grammar*) fremur en lýsandi málfræði (e. *descriptive grammar*) og unglíngabókmenntir frekar en miðaldabókmenntir, svo dæmi séu tekin. Líkan í þessum anda hefur tíðkast hér á landi við menntun grunnskólakennara. Í raðlíkaninu sem hefur einkum verið notað í menntun framhaldsskólakennara hér á landi læra verðandi kennarar tungumálið fyrst og loks er bætt við einu ári í kennslufræði. Það líkan hefur jafnan verið gagnrýnt fyrir að verðandi kennarar læri ekki að líta á tungumálið sem kennslugrein fyrr en á lokaári og meginþungi námsins beinist að allt öðru en að mennta kennara. Kennaranámið hefur verið einhvers konar bakþanki hjá nemanum, sem það á auðvitað ekki að vera.

Ný námskrá tekur mið af því að framhaldsskólinn er í raun orðinn margir skólar með afar ólíkum námsbrautum en yfir 90% allra nemenda sem brautskrást úr grunnskóla fara áfram í framhaldsskóla. Allir eiga rétt á að fá kennslu við hæfi, þar á meðal að ná valdi

á erlendu tungumáli eftir sinni getu. Ein ánægjulegasta minning höfunda úr gagnasöfnun í íslenskum skólum var heimsókn í ensku-tíma hjá seinfærum nemendum. Þar tjáðu sig allir á ensku, áherslan var á að kenna nemendum að skilja mælt mál og tala. Þar var kennari sem kunni að skipuleggja og útfæra kennslu á þann hátt að allir gátu verið með og lagt sitt af mörkum eftir eigin getu. Slíkri færni þyrftu allir kennarar að búa yfir.

Með sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands (stofnun Menntavísindasviðs) hafa opnast ótal ný tækifæri til að efla menntun tungumálakennara. Með samvinnu sviðanna er hægt að nýta styrkleika þeirra beggja. Í burðarliðnum er samvinna um menntun enskukennara milli sviða. Nemar í BA-námi geta strax farið að taka valnámskeið í kennslufræði ensku og nemar í grunnámi M.Ed-náms geta dýpkað þekkingu sína í ensku máli við Hugvísindasvið. Í ráði er að hafa nána samvinnu á meistarastigi sem hefur í för með sér aukið framboð af námskeiðum og möguleika á dýpkun á ýmsum sviðum. Hér er vottur um nýtt líkan.

5. Horft fram á veg

Í þessari grein hefur staða tungumála á Íslandi verið rædd. Gerð var grein fyrir stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins í tungumálum, ný aðalnámskrá rædd og þær grundvallarbreytingar sem hún boðar. Þá var fjallað um mismunandi stöðu, ólík og lík vandamál sem tungumálin eiga við að etja og bent á leiðir til að auka færni nemenda í tungumálum eftir getu, forsendum og áhuga hvers og eins. Vísað var til nýrra leiða til samvinnu í kennaramenntun. Slíkt er mjög í anda grunnþátta nýrrar námskrár: læsis, jafnréttis og lýðræðis til að auka tækifæri Íslendinga til að efla tungumálakunnáttu sína, hvers og eins á sínum eigin forsendum. Það eru mannréttindi að hafa vald á fleiri en einu tungumáli – það auðgar og eflir samskipti og samvinnu, dregur úr fordómum og opnar dyr að óþekktum menningarheimum.

ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein er fyrst lýst helstu hugmyndum í nýjum námskrám í erlendum tungumálum fyrir grunn- og framhaldsskóla. Rætt er um ólíka stöðu erlendra tungumála á Íslandi meðal annars með hliðsjón af nýjum rannsóknum höfunda og settar fram tillögur að breyttum áherslum í ensku- og dönskukennslu með tilliti til íslensks málumhverfis. Bent er á að auka þurfi kennslu í ritun og lestri lengri rauntexa/fræðilegra texta í ensku svo að nemendur verði nægjanlega vel undirbúnir til náms við íslenska og erlenda háskóla. Á hinn bóginn þarf að auka kennslu í tali og skilningi á mæltu máli í dönsku svo að danska verði það samskiptatæki sem henni er ætlað samkvæmt námskrá. Þá er rætt um leiðir til að styðja við tungumálanám almennt og þar með leiðir til að auka fjölbreytni í vali á tungumálum. Enn fremur er fjallað um leiðir til að efla færni áhugasamra nemenda í þriðja og fjórða máli með aðstoð tæknilausna sem þróaðar hafa verið í Háskóla Íslands. Rætt er um mikilvægi þess að hlúa að málakunnáttu þeirra barna og ungmenna sem hafa dvalist langdvölum erlendis eða eiga annað móðurmál en íslensku. Að lokum er fjallað um grunn- og endurmenntun kennara sem taki mið af nýjum áherslum í námskrá.

Lykilorð: námskrá í erlendum tungumálum, kennsluaðferðir, nýtt málumhverfi, upplýsingatækni, kennaramenntun

ABSTRACT

In this article the implications of the new Icelandic Curriculum Guidelines for foreign languages are discussed. First the varied linguistic environments of the different foreign languages are described, based on new research. Then the need for new emphases in English, Danish and a third/fourth language is presented. It is argued that more emphasis should be placed on literacy skills, especially academic English literacy skills in order to prepare students for university studies in Iceland and abroad. On the other hand, it is suggested that more emphasis be placed on the training of oral skills in Danish, so that Danish can become the communication tool the

Guidelines intend. Ways to support foreign language learning in general are then presented. They include ways to increase diversity in the choice of a third and fourth language with the aid of technology developed at the University of Iceland, and enhancing diversity by supporting children and adolescents who come to Iceland already proficient in languages other than Icelandic, whether they be first or second languages of the speakers. Finally the implications of the new Guidelines for pre- and in-service education of teachers are discussed.

Keywords: foreign language education, instructional approaches, new linguistic environment, Computer Assisted Language Learning, teacher development

HEIMILDIR

- Aðalnámskrá grunnskóla: Erlend tungumál. 2012. www.menntamalaraduneyti.is/media/.../Erlend-tungumal.docx. [Sótt 28. júní 2012].
- Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti. Viðauki 3. 2012. <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola>. [Sótt 28. júní 2012].
- Anna Eyfjörð Eiríksdóttir. 2011. Staða erlendra tungumála í framhaldsskólum í ljósi nýrrar menntastefnu frá 2008. Óprentuð M.Paed.-ritgerð. Hugvísindasvið Háskóla Íslands.
- Anna Jeeves. 2010. „English at Secondary School: Perceptions of Relevance.“ Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. *Netla* – Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <http://netla.khi.is/menntakvika2010/002.pdf>.
- Auður Hauksdóttir. 2005. „Hvorfor undervises der i dansk i Island?“ *Ordenes slotte. Om sprog og litteratur i Norden* (bls. 157–170). Ritstj. Auður Hauksdóttir, Jörn Lund og Erik Skyum-Nielsen. Vigdís Finnbogadóttir Institute for Foreign Languages. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Árný Helga Reynisdóttir. 2007. „Nýbreytni á málbraut í MA.“ *Málfríður. Tímarit samtaka tungumálakennara á Íslandi* 23(1), bls. 18–22.
- Ásrún Jóhannsdóttir. 2010. „English in the 4th Grade in Iceland: Exploring Exposure and Measuring Vocabulary size of 4th Grade Students.“ Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. *Netla* – Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <http://netla.khi.is/menntakvika2010/008.pdf>
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2011. „Exposure to English in Iceland: A Quantitative and Qualitative Study.“ Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011. *Netla* – Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <http://netla.khi.is/menntakvika2011-004.pdf>

- Birna Arnbjörnsdóttir. 2009. „Enska í háskólanámi.“ *Milli mála. Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum* (bls. 77–94). Ritstj. Magnús Sigurðsson og Rebekka Þráinsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2004. „Teaching Morphologically Complex Languages Online: Theoretical Questions and Practical Answers.“ *CALL for the Nordic Languages* (bls. 79–94). Ritstj. Peter Juul Hendrichsen. Copenhagen Studies in Language. Kaupmannahöfn: Samfundslitteratur.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. 2010. „Coping with English at University: Students’ Beliefs.“ Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. *Netla – Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. <http://netla.khi.is/menntakvika2010/008.pdf>.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. 2010. „Enskan og fræðaskrifin.“ *Milli mála. Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum* (bls. 179–200). Ritstj. Erla Erlendsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2008. „Kennsla tungumála á netinu: Hugmyndafræði og þróun Icelandic Online.“ *Hrafnaving 5*, bls. 7–32.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (Ritstj.). 2007. *Teaching and Learning English in Iceland*. Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur/Háskólaútgáfan.
- Council of Europe. 2002. *Modern Languages in the Council of Europe 1954–1997*. Language Policy Division, Strasbourg.
- Crystal, D. 2003. *English as a Global Language*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Darling-Hammond, L., og McLaughlin, M. 1996. „Policies that Support Professional Development in an Era of Reform.“ *Teacher Learning: New Policies, New Practices* (bls. 202–218). Ritstj. M. McLaughlin og I. Oberman. New York: Teachers College Press.
- Day, C. 2011. *New Understandings of Teacher Effectiveness: Emotions and Education Change*. Berlín: Springer.
- European Commission. 2005. *A New Framework Strategy for Multilingualism. Communication from the Commission to the Council, the European Parliament, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions*. Brussel: COM (2005) 596.
- European Commission. 2007. *A Political Agenda for Multilingualism*. MEMO/07/80, Brussel, 23/02/ 2007.
- European Commission. 2008. *Multilingualism: an Asset for Europe and a Shared Commitment*. *Official Journal C* 320, 16/12/2008 P. 0001–0003.
- Evrópska tungumálappan. <http://www.menntamalaraduneyti.is/>. [Sótt 27. júní 2012].

- Fagráð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum fræðum. 2006. *Tungumál eru lykill að heiminum. Kennsla erlendra mála í ljósi draga að nýjum námskrám fyrir grunn- og frambaldsskóla*. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands og tungumálaáhersla Háskólans í Reykjavík, Reykjavík.
- Gross, Katherina H. 2006. Einstellung und Selbsteinschätz im Zwei Isländischer Deutschklassen zu dem Fach Deutsch als Fremdsprache im Allgemeinen und zum Sprachfertigkeit im Besondern. Óprentuð M.Paed.-ritgerð. Háskóli Íslands.
- Hafdís Ingvarsdóttir. 2011. „Teaching English in a New Age. Challenges and Opportunities.“ *Beyond Fragmentation: Didactics, Learning and Teaching in Europe* (bls. 93–106). Ritstj. B. Hudson and M. Meyer. Opladen & Farmington Hills: Barbara Budrich Publishers.
- Hafdís Ingvarsdóttir. 2009. „Fyrsta ár í kennslu: Reynsla framhaldsskólakennara.“ *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 623–636). Ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hafdís Ingvarsdóttir. 2006. „..... eins og þver geit í girðingu“: Viðhorf kennara til breytinga á kennsluháttum.“ *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 351–363). Ritstj. Úlfar Hauksson. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hafdís Ingvarsdóttir og Ásrún Jóhannsdóttir. 2011. „Teaching English in Lower Secondary Schools within the Expanding Circle.“ Erindi flutt á Menntakvikunni 30. sept. 2011.
- Hafdís Ingvarsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir. 2010. „Coping with English at Tertiary Level: Instructors' Views.“ Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. *Netla – Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. <http://netla.khi.is/menntakvika2010/010.pdf>.
- Hellekjær, G. O. 2005. The Acid Test: Does Upper Secondary EFL Instruction Effectively Prepare Norwegian Students for the Reading of English Textbooks at Colleges and Universities? Óprentuð doktorsritgerð. Háskólinn í Ósló.
- Hulda Kristín Jónsdóttir. 2011. „To What Extent do Native and Non-Native Speakers Believe that their English Proficiency Meets their Daily Communication Needs within the Business Environment.“ *Málfríður*, 27(2), bls. 20–23.
- Krzyzanowski, M., og Wodak, R. 2011. „Political Strategies and Language Policies: The European Union Lisbon Strategy and its Implications for the EU's Language and Multilingual Policy.“ *Language Policy* 10, bls. 115–136; DOI 10.1007/s10993-011-9196-5.
- Lave, J., og Wenger, E. 1998. *Communities of Practice: Learning, Meaning, and Identity*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Løn, I. 2006. Forståelsens veje. En kvalitativ undersøgelse af islandske gymnasielevens brug af læsestrategier. Óbirt M.Paed.-ritgerð við Háskóla Íslands.

- Pecorari, D., Shaw P., Irvine A., og Malmström, H. 2011. „English Textbooks in Parallel Language Tertiary Education.“ *TESOL Quarterly*, 45, bls. 313–333.
- Oxford, R.L. 1990. *Language Learning Strategies. What Every Teacher Should Know*. Boston: Henley & Henley Publishers.
- Ósa Knútsdóttir. 2007. Nu talar vi dansk. Þjálfun munnlegrar færni í dönsku í framhaldsskólum. Óbirt MA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Stoll, L., McMahon, A., og Thomas, S. 2006. „Identifying and Leading Effective Professional Learning Communities.“ *Journal of School Leadership* 16 (5), bls. 620–640.
- Weenink, D. 2008. „Cosmopolitanism as a Form of Capital: Parents Preparing their Children for a Globalized World.“ *Sociology*, 42 (6), bls. 1089–1106.